

ÁRBÆJARSKÓLI OG SKÓLAHVERFI

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Í skólastarfi Árbæjarskóla er nemandinn í öndvegi. Megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi. Samskipti eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Í 2.-7. bekk er kennt eftir *Regnbogaskipulagi* þar sem nemandinn er í brennidepli. Komið er til móts við nemandann þannig að hann fái að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttan hátt í frjóu námsumhverfi. Þetta er í samræmi við stefnu skólans sem m.a. miðar að því að skólastarfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn fái notið sín á eigin forsendum. Val nemenda í unglingsdeild skólans er afar fjölbreytt og standa nemendum til boða rúmlega 50 valgreinar. Við Árbæjarskóla er starfrækt sérkennsluver sem samanstendur af margskonar sérúræðum fyrir nemendur með sértækar þarfir.

Einkunnarorð Árbæjarskóla eru: *Ánægja-Áhugi-Ábyrgð-Árangur*

Stofnár	Gerð	Stærð	Fjöldi nemenda 2009	Heildarfjöldi íbúa	Heildarfjöldi íbúða
1957	1.-10.bekkur	8.625m ²	713	4.219	1.517

NEMENDAFJÖLDI OG SPÁ


Skráðir nemendur	Spá um nemendafjölda næstu 5 ár						Fjöldi	Ár
	2009	2010	2011	2012	2013	2014		
713	705	707	664	673	661	Flestir	1.081	1972
						Fæstir	62	1957

ÝMSAR STAÐTÖLUR UM HVERFIÐ

	Árbæjarskóli 2009	Reykjavík 2009
Skil á barnafjölda í hverfi	93,6%	95,3%
Hlutfall nemenda af íbúafjölda hverfis	19%	12%
Fjöldi nemenda í íbúð	0,52	0,38
Hlutfall íbúða í fjölbýli	-	80%

LÍÐAN OG NÁM

Nemendur í 5. – 7. bekk



Líður *alltaf* eða *oftast* vel í kennslustundum


Námið	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Talnalykill/þurfa stuðning		6%	8%	16%	21%	8,8%
Lesskimun/geta lesið sér til gagns	59,5%	73,5%	72,9%	67%	70%	69%
Samræmd próf; framfarastuðull II						
Íslenska; 10.bekkur	1,01	0,98	1,00	1,01	0,98	
Stærðfræði; 10. bekkur	0,99	0,99	1,03	0,95	1,00	
Íslenska; 7.bekkur	1,05	1,00	1,02	0,98	0,99	
Stærðfræði; 7. bekkur	1,09	1,01	1,00	1,05	1,03	

*Framfarastuðull gefur vísbindingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því að árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Framfarastuðull II byggir einungis á þeim nemendum sem þreyta bæði prófin í sama skóla. Talan 1,00 merkir „venjulegar framfarir nemenda“. Tölur 0,94 eða lægri og 1,06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemendahópsins.

STARFSFÓLK

	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Fjöldi stöðugilda	91	96	96	99	92	2.033
Hlutfall stöðugilda kennara	63%	63%	61%	62%	65%	62,3%

Ánægja með starfið almennt



VIÐHORF FORRÁÐAMANNA

Ánægja með skólann almennt

